

## AUGLÝSING

### um staðfestingu reglna Þingvallanefndar um gestagjöld vegna köfunar og fyrir yfirborðsköfun í Silfru innan þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Með vísan til 1. mgr. 7. gr. laga nr. 47/2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum, sbr. e. lið 6. gr. reglugerðar nr. 848/2005 hefur forsætisráðherra staðfest reglur Þingvallanefndar um gestagjöld vegna köfunar og fyrir yfirborðsköfun í Silfru innan þjóðgarðsins á Þingvöllum. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Forsætisráðuneytinu, 25. febrúar 2013.*

F. h. r.

**Ragnhildur Arnljótsdóttir.**

*Ágúst Geir Ágústsson.*

#### **Fylgiskjal.**

### Reglur um gestagjöld vegna köfunar og fyrir yfirborðsköfun í Silfru innan þjóðgarðsins á Þingvöllum.

1. gr.

*Gjöld fyrir köfun/yfirborðsköfun.*

Hverjum þeim einstaklingi sem hyggst kafa/yfirborðskafa í Silfru ber að greiða kr. 1.000 fyrir hverja einstaka köfun.

2. gr.

*Fyrirkomulag greiðslu o.fl.*

Gjöld samkvæmt 1. gr. ber að inna af hendi áður en köfun/yfirborðsköfun fer fram og skal greiðsla innt af hendi til Þingvallanefndar á þeim stað sem Þingvallanefnd ákveður á hverjum tíma.

3. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar sem samdar eru og samþykktar af Þingvallanefnd skulu staðfestar samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum, sbr. e. lið 6. gr. reglugerðar nr. 848/2005 um þjóðgarðinn á Þingvöllum, verndun hans og meðferð. Reglurnar öðlast gildi við birtingu.